

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

1831-060-22-MIN-V01

DAGS.

15.05.2018

SENDANDI

Bryndís Friðriksdóttir
Berglind Hallgrímsdóttir
Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir

MÁLEFNI

Sýn við gatnamót Álholt – Brattholt

VERKHEITI

Sýn við gatnamót Álholt – Brattholt

VERKKAUPI

Mosfellsbær

DREIFING

Ólafur Melsted

Inngangur

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar fól Eflu verkfræðistofu að skoða sýn ökumanna sem aka frá Brattholti inn á Álholt. Beiðnin kom vegna óskar íbúa um að fá spegil vegna skertrar sýnar.


Aðstæður

Sýn frá Brattholti og inn á Álholt er takmörkuð vegna veggjar á lóðamörkum við Brattholt 41 og gróðurs á lóðarmörkum við Brattholt 57. Lóðamörk ná alveg út að götu og engin gangstétt er suðaustan við Álholt. Biðskylda er á þá sem koma frá Brattholti.



MYND 1 Mynd til vinstri er tekin frá Brattholti til vinstri upp Álholt, mynd til hægri er tekin frá Arkarholti upp Álholt.

Eftirfarandi viðmið gilda um sýn í gatnamótum með biðskyldu skv. norsku Veghönnunarreglunum.




Trafikkmengde i sekundærveg	Fartsgrense primærveg [km/t]		
	30 og 40	50 og 60	80 og 90
ÅDT < 100	4	6	6
100 < ÅDT < 500	6	6	10
ÅDT > 500	6	10	10

MYND 2 Sjónlengdir skv. norsku Veghönnunarreglunum HB N100 Veg- og gateutforming. Gildi í töflum eru L2.

Stöðvunarsjónlengd (L_s) er sú vegalengd sem bílstjóri þarf til þess að geta brugðist við og stöðvað bifreiðina ef þess gerist þörf. Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar kveða á að í 30km götu sé stöðvunarlengdin 20m. L2 er sú sjónlengd sem bílstjóri þarf að sjá óhindrað. Miðað við þær forsendur sem gefnar eru á mynd 2 ætti $L_2 = 4\text{m}$ í Brattaholti. Út frá þessum tölum er hægt að áætla sjónlínu þríhyrning gatnamóta og ákvarða hvort sjónlengdir séu ásættanlegar.

Mynd 3 sýnir sjónlínu þríhyrninginn fyrir gatnamótin Álfholt – Brattholt. Ljóst er að veggur við lóðarmörk Brattholts 41 skerðir sjónlengdirnar og gerir að verkum að viðmið um stöðvunarsjónlengdir nást ekki.



MYND 3 Sjónlengdir skv. norsku Veghönnunarreglunum og leiðbeiningum Vegagerðarinnar fyrir Brattholt (við Álfholt).

Tillögur að breytingum

Til að auka sýn fyrir öikumenn sem koma frá Brattholti og inn á Álfholt kemur tvennt til greina.

- Setja spegil á hornið við Akraholt 2 til að auka sýn
- Gera „eyru“ (eyju) á Álfholt og bæta sýn þeirra sem koma frá Brattholti með því að færa biðskyldu þríhyrningana á Brattholti frammar.

Spegill

Til að gefa góða sýn fyrir öikumenn sem koma frá Brattholti þarf spegill að vera staðsettur á móti Brattholti, í 15-22 metra fjarlægð frá sjónlínu öikumanns. Spegillinn þarf að standa á staur en enginn staur er til staðar í dag sem mætti nýta til þess. Því þarf að setja upp nýjan staur fyrir spegil. Staurinn þarf að vera að lágmarki 2 metra frá götukanti og því hentar best að setja hann við brún gangstéttar sem liggur við lóðarmörk. Á þessum stað er innkeyrsla að húsi við Akraholt 2 og því getur það valdið ákeyrsluhættu að staðsetja staur á þessum stað. Einnig þarf að huga að því að staurinn skapi ekki hindrun fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þetta þarf að hafa í huga í ákvörðun um staðsetningu stauris ef það er valið að setja staur og spegil við gatnamótin.

Spegillinn gæti vakið upp svo kallað falskt umferðaröryggi hjá vegfarendum sem eru að fara út frá Brattaholti. Þetta gæti haft í för með sér að vegfarendur frá Brattaholti fari að verða ónægðarnari þegar þeir fara út úr götunni. Til að vinna upp á móti því væri því æskilegt að setja stöðvunarskyldu á Brattaholt.

Kostnaður við að setja spegil og staur: 0,5 milljón




MYND 4 Rauða línan á myndinni sýnir möguleg staðsetning á staur fyrir spegil.

„Eyru“

Til að draga biðskylduþríhyrninga frammar til að auka sýn framhjá lóðarvegg mætti gera svo kölluð eyru á Álfholti við gatnamótin (sjá dæmi á Mynd 5).

Til að ná ásættanlegri sýn þarf að þrengja Álfholt úr 9,5m breiðri götu í 6,5m breiða götu við gatnamótin. Tryggja þarf að radius við tengingu inn á Brattholt sé nægjanlega stór til að akstur um gatnamótin sé ásættanlegur, þ.e.a.s. að bílar aki ekki inn á aðliggjandi akrein þegar þeir beygja.

Kostnaður við að setja eyru: 3 milljónir



MYND 5 Möguleg þrenging götu

Aðgerð að þrengja götuna hefur einnig hugsanlega þau áhrif að umferðarhraði lækkar.

Einnig mætti hugsa sér að þrengja alla götuna, alveg upp að Þverholti, til að lækka umferðarhraðann á svæðinu og bæta þ.a.l. umferðaröryggið. Hægt væri að þrengja götuna með eyrum við fleiri gatnamót, eða með nýjum gangstétt sunnanmegin við Álfatanga.

Samantekt

Þótt það sé ódýrari kostur að setja upp spegil við gatnamótin er ekki víst að það skili tilætluðum árangri. Sem dæmi má nefna að sænska Trafikverket mælir gegn notkun á umferðarspeglum því þeir veiti falska öryggiskennd, þeir virka ekki vel í öllum veðuraðstæðum, virka ekki vel í myrkri, þeir krefjast ákveðins viðhalds og verða mikið fyrir barðinu á skemmdarvörgum. Speglarnir eru því einungis notaðir í aðstæðum þar sem engar aðrar lausnir eru mögulegar¹. Einnig er erfitt að finna heppilega staðsetningu fyrir spegil vegna aðkomu að húsi við Akurholt 2.

Því er frekar mælt með að þrengja Álfholt og færa biðskylduþríhyrninga frammar á Brattholti til að auka sýn. Ef til skoðunar er þrenging á lengri kafla götunnar mætti setja gangstétt í suðurkant Álfholt og þar með draga biðskylduþríhyrninga á Brattholti frammar, í stað þess að gera eyru.

¹ TDOK 2011:471